

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

89. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 21. maí 2019. Fundurinn er fjarfundur og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Haukur Þór Haraldsson, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara**

Samningsaðilar eru sammála um að taka upp eftirfarandi starfsheiti leiðsagnarkennara.

**Leiðsagnarkennari**

Kennari sem tekur að sér leiðsögn við starfsnámsnema, nema/vettvangsnema og nýliða í starfi ber starfsheitið leiðsagnarkennari. Leiðsagnarkennari er faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla og er/getur verið starfandi kennurum til ráðgjafar þegar kemur að starfsþróun og endurmenntun. Starf við leiðsögn skal aldrei vera minna en 20% starfshlutfall og er alltaf tímabundið til eins skólaárs í senn. Skilyrði er að leiðsagnarkennari hafi a.m.k. þrjú ára starfsreynslu og leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.

Viðfangsefni leiðsagnarkennara skulu útfærð nánar að frumkvæði skólastjóra í hverjum grunnskóla fyrir sig í samráði við kennara sem falið er að sinna leiðsögn. Starfið skal þá taka mið af umfangi leiðsagnar s.s. útfrá fjölda nema, nýliða eða annarra þeirra verkefna sem kunna að snúa að hlutverki leiðsagnarkennara sem faglegur leiðtogi í lærdómssamfélagi grunnskóla.

**Leiðsagnarkennari 1:** Kennari í starfsheitinu Grunnskólakennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 235.

**Leiðsagnarkennari 2:** Kennari í starfsheitinu Umsjónarkennari eða Sérkennari sem tekur að sér leiðsögn grunnraðast í launaflokk 237.

Kennari sem tekur tímabundið að sér móttöku nema/vettvangsnema sem ekki eru í starfsnámi á lokaári, s.s. kennari á tilteknu námssviði, fellur ekki undir starfsheitið Leiðsagnarkennari.

Leiðsagnarkennari sinnir leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða vegna starfa þeirra á vettvangi s.s. við undirbúning kennslu, kennsluáætlanagerð, ráðgjöf vegna kennslu og annars samstarfs við nemendur, foreldrasamstarfs og annarra faglegra starfa sem starfi kennara tilheyra.

Í samráði við skólastjóra kemur leiðsagnarkennari að skipulagningu, áætlanagerð, mati og endurgjöf sem tengist leiðsögn við starfsnámsnema, vettvangsnema og nýliða og vinnur hann þá í samstarfi við háskóla viðkomandi starfsnáms-, vettvangsnema.

Starfsnámsnemi starfar að lágmarki í 50% starfi við kennslu á lokaári kennaranáms hvort sem námið er launað starfsnám eða ekki.

Vettvangsnemi/nemi er nemandi í kennaranámi sem ekki er starfsnámsnemi á lokaári.

Kennarar sem taka að sér leiðsögn og njóta kennsluskylduafsláttar á grundvelli greinar 2.5.2.1 í kjarasamningi KÍ og SNS njóta þeirra réttinda áfram bæði sem leiðsagnarkennarar og í öðrum störfum þar sem um kennsluskyldu er að ræða.

Ákvæði kjarasamnings FG og SNS um leiðsagnarkennara gildir til 31. júlí 2020 en skal endurskoðað fyrir upphaf næsta skólaárs.